

Alþingi
Erindi nr. P 132/1956
komudagur 2.5.2006

UST

Nefndasvið Alþingis
umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

27. apríl 2006

Tilvísun: UST20060400084/KG

Bréfalykill: 01

Umsögn um frumvarp til laga um skráningu losunar gróðurhúsalofttegunda, 713. mál


Visað er til erindis umhverfisnefndar, móttækið 21. þ.m., með ósk um að umsögn um frumvarp til laga um skráningu losunar gróðurhúsalofttegunda yrði skilað eigi síðar en 25. apríl.

Með frumvarpinu er ráðgert að skapa lagalegan grunn fyrir bókhald um losun gróðurhúsalofttegunda, upplýsingaskyldu fyrirtækja og skráningarkerfi fyrir losunarheimildir. Umhverfisstofnun telur slíkt vera nauðsynlegan áfanga til að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við skuldbindingar Íslands gagnvart Kyoto bókuninni og leggur því til að frumvarpið verði samþykkt á yfirstandandi þingi en bendir jafnframt á athugasemdir stofnunarinnar við einstakar greinar sem eru í meðfylgjandi fylgiskjali.

Umhverfisstofnun vekur hins vegar athygli á að frumvarpið hefur ekki að geyma tillögur um stjórnvaldsaðgerðir til þess að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda. Stofnunin vill benda á að gangi þær hugmyndir eftir um orkufrekan iðnað sem eru í umræðunni mun losun aukast verulega á næstu árum. Líkanreikningar Umhverfisstofnunar gefa til kynna að hugsanlegt sé að útstreymi gróðurhúsalofttegunda muni aukast það mikið á tímabilinu 2008 – 2012 að stjórnvöld verði að setja hömlur á losun þeirra til að tryggja sé að losunin verði undir þeim heimildum sem landið hefur samkvæmt Kyoto bókuninni. Umhverfisstofnun telur því brýnt að unnið verði að slíkri lagasetningu sem fyrst og tryggð lagastoð fyrir veitingu heimilda til losunar gróðurhúsalofttegunda og verslun með losunarheimildir bæði innanlands og utan.

Virðingarfyllst,


Davíð Egiðsson
forstjóri


Sigurbjörg Gísladóttir
forstöðumaður

Meðf.: Athugasemdir við einstakar greinar frumvarps til laga um skráningu losunar gróðurhúsalofttegunda
Afrít: Umhverfisráðuneytið

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarps til laga um skráningu losunar gróðurhúsalofttegunda, 713. mál

1. gr.

Mengunarlögsaga er ekki skilgreind í frumvarpinu og því ekki ljóst hvort hér er aðeins átt við hafsvæði, sbr. skilgreiningu í lögum nr. 33/2004, um mengun hafs og stranda, eða hvort hún tekur einnig til lofthelgi eða jafnvel fleiri þátta.

2. gr.

Umhverfisstofnun bendir á að í samræmi við hefðbundnar nafnagiftir á efnasambandi er „nituroxíð“ eða „köfnunarefnisoxíð“ heiti á efnasambandinu NO. Réttara heiti á N₂O er „díköfnunarefnisoxíð“. Leggur stofnunin því til að úr þessu verði bætt.

Skilgreina þarf eftirtalin hugtök:

Mengunarlögsaga
Landnotkun
Breytt landnotkun
Skráningarkerfi
Binding gróðurhúsalofttegunda
Varðveisla, flutningur og eyðing heimilda.

4. gr.

2. mgr.: Umhverfisstofnun framkvæmir nú útreikninga á losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði út frá upplýsingum um fjölda dýra, áburðarnotkun og fleira, í samræmi við leiðbeiningar frá milliríkjanefnd um loftslagsbreytingar (IPCC). Stofnunin telur það skipta miklu að unnið sé eftir samræmdu verklagi og að sú vinna sé á ábyrgð eins aðila. Bent skal á að samkvæmt síðari hluta 1. ml. 2. mgr. er gert ráð fyrir að Landbúnaðarháskóli Íslands framkvæmi útreikninga fyrir landbúnað. Umhverfisstofnun telur á hinn bóginn mjög mikilvægt að fagaðilar taki saman þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir útreikningana. Því er lagt til eftirfarandi orðalag í 1. ml. 2. mgr.:

Landbúnaðarháskóli Íslands ber ábyrgð á að taka saman þær upplýsingar um landbúnað, áburðarnotkun, breytta landnotkun og skógrækt sem nauðsynlegar eru til að meta útstreymi og bindingu gróðurhúsalofttegunda og skilar þeim til Umhverfisstofnunar.

Einnig er lagt til að bætt verði við 2. mgr. ákvæði um að innflytjendur á efnunum og vörum sem innihalda gróðurhúsalofttegundir, eða efni sem ummyndast í gróðurhúsalofttegundir, skili upplýsingum til Umhverfisstofnunar. Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar fyrir bókhald yfir losun gróðurhúsalofttegunda. Lagt er til að eftirfarandi setningu verði bætt við 2. mgr.:

Innflytjendur á efnunum og vörum sem innihalda gróðurhúsalofttegundir, eða efni sem ummyndast í gróðurhúsalofttegundir, skulu skila upplýsingum um innflutning slíkra efna og vara til Umhverfisstofnunar.

3. mgr.: Umhverfisstofnun leggur til að ákvæði um skil á upplýsingum verði formgerð með reglugerðarsetningu og leggur því til eftirfarandi breytingu á orðalagi 3. mgr.:

Umhverfissráðherra setur, að fenginni tillögu Umhverfisstofnunar, reglugerð um skil á gögnum sem óskað er eftir vegna losunar gróðurhúsalofttegunda og innflutnings á efnum og vörum sem falla undir lög þessi.

5. gr.

Umhverfisstofnun telur óljóst hvað átt er við með textanum: "...varðveislu þeirra, flutning og eyðingu" í 2. ml. 1. mgr.

6. gr.

1. mgr.: Upptalning á þeim upplýsingum sem stofnunin þarf vegna útreikninga á losun gróðurhúsalofttegunda er ekki tæmandi. Því er lagt til að eftirfarandi texta verði skeytt við 1. mgr.: "...*auk upplýsinga um notkun eldsneytis, hráefna og annarra þátta sem tengjast rekstri og háfa áhrif á útstreymi gróðurhúsalofttegunda.*"

Bent skal á að upplýsingaskylda, skv. 6. gr., tekur ekki á annarri losun en fyrir starfsleyfisskyld fyrirtæki.

3. mgr.: Lagt er til að 3. mgr., um gjaldtöku, verði gerð að sérstakri grein.

7. gr.

Vakin er athygli á að samkvæmt frumvarpinu er einungis heimilt að beita sektarákvæðum gagnvart starfsleyfisskyldum atvinnurekstri. Umhverfisstofnun vísar í því sambandi til athugasemda við 3. mgr. 6. gr. um gjaldtöku hjá fyrirtækjum sem losa gróðurhúsalofttegundir.

Umhverfisstofnun bendir á að lögbinda þarf fresti til þess að skila upplýsingum. Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar til þess að mögulegt sé að beita sektarákvæðinu.